

Náttúrustofa Vestfjarða

Vestfjarðavegur Frá Múla í Kollafirði að Vattarnesi **Gróðurfar**

Unnið fyrir Vegagerðina

Arnín Óladóttir
vistfræðingur

Nóvember 2000

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 21
415 Bolungarvík

Sími: 4567005
Fax: 4567351

Kennitala: 610397-2209
Netfang: nv@isholf.is
Heimasíða: <http://www.snerpa.is/nv>

Útdráttur

Farnar voru þrjár ferðir, sú fyrsta dagana 13. - 16. september 1999, en þá var allt vegstæðið skoðað, önnur ferð þann 27. júlí 2000 til þess að skoða efri veglínu yfir Klettsháls og í þriðju ferð 25. október 2000 voru skoðuð efnistökusvæði í botni Kollafjarðar og Skálmafjarðar.

Skráður var tegundalisti háplantna og byrkninga, ásamt almennum upplýsingum um yfirbragð svæðis, gróðurhverfi og skilyrði, tegundir, þekju, yfirborð, sýnilega vatnsmiðlun, jarðveg, merki um landnýtingu, og annað það sem athygli vakti. Einnig var gengið um næsta nágrenni við fyrirhugaða veglínu til að fá samanburð á gróðurfari. Niðurstöður eru birtar í: *Arnlin Óladóttir, Vestfjarðarvegur, Frá Múla í Kollafirði að Vattarnesi. Gróðurfar*, ásamt korti sem sýnir svæðaskiptingu.

Fyrirhugað vegstæði liggur hvergi yfir landslagsheildir eða heildstæð gróðurhverfi þannig að það teljist til skaða. Hvað tegundir varðar þá fannst ein tegund *Hrísastör (C. buxbaumi)*, sem er á valista sem "*tegund í yfirvofandi hættu*". Þessi tegund er á svæði sem var skoðað vegna hugmyndar um að þvera Kollafjörð. Þrjár tegundir eru "*fremur sjaldgæfar*" samkvæmt Herði Kristinssyni. Þær eru *keldustör (C. magellanica)*, *lyngjafni (Lycopodium annotinum)*, og *Skrautpundur (Miliium effusum)*.

Varnargirðing vegna sauðfjárveikivarna liggur um austanverðan Klettsháls. Svæðið vestan hennar hefur notið nær alfríðunar frá beit í áratugi. Gróður er þess vegna nær því sem kalla mætti náttúrulegt en víðast hvar á landinu, mikið er af blómjurtum og tegundum sem eru viðkvæmar fyrir beit. Snjóðældir á Klettshálsi eru fjölbreyttar og hreinar finnugsdældir eru sjaldgæfar. Rofdílar virðast vera að gróa upp og lítið sást af virku rofi. Nokkur eftirsjá er því af þessu svæði. Fyrirhugaðar framkvæmdir fara þvert yfir votlendi sem er hluti af stærra vatnsmiðlunarkerfi ofan frá 300 m hæð og niður undir botn Kvígindisfjarðar. Núverandi vegur rýfur þetta vatnasvæði að einhverju leyti og mikilvægt að séð verði fyrir vatnsmiðlun í gegnum fyrirhugaðan veg. Einnig mætti kanna þá mótvægisáðgerð að núverandi vegur verði fjarlægður að einhverju leyti ef það mætti verða til þess að endurheimta eðlilegt vatnsflæði. Vestast er óvenju kröftuglegur burkna- og blómgróður efst á hjalla nálægt vegstæði og fannst ekkert svæði í nágrenninu með svipuðum burkna- og blómgróðri fyrr en komið var niður í miðjar hliðar. Því er lagt til að efsta hluta hjallans verði hlíf og að þetta svæði verði utan framkvæmdasvæðis.

Austurhlíðar Skálmafjarðar eru vaxnar birkiskógi sem skiptist í 3 ólíka hluta. Yst er gisið, lágvaxið kjarr, 0,6 - 2 m. Þekja birkis nálægt 40%. Miðhluti skógarins, er mun hávaxnari 2-6 m, trjáþekja nálægt 60%. Töluvert er þar um reynivið. Í innsta hlutanum er hæð og þekja birkis mitt á milli hinna tveggja.

Gróskulegir skógarreitir eins og í mið- og innri hluta hliðarinnar eru sjaldgæfir á landinu og sérstaklega á Vestfjörðum. Þá má nefna sérstæðan undirgróður og óvenju mikið af reyni. Því var ákveðið að afmarka þennan hluta á korti og var lögð út lína með GPS tæki (Garmin GPS II plus staðsetningatæki með CSI MBX-2 leiðréttingarbúnaði), sem táknar mörk ysta- og miðhluta. Lagt er til að fyrirhugaður vegur verði lagður utan þeirrar línu.

Klettsháls er viðkvæmt svæði, (fjalllendi, rokgjarn jarðvegur, gróður er lengi að ná sér eftir rask) og brýnt að vanda framkvæmdir varðandi umferð og efnistöku. Víða er þar verið að fara yfir mela og holt þar sem vegstæðið er þröngt og stutt í önnur og viðkvæmari gróðurhverfi. Verktökum og starfsmönnum þeirra verði gert ljóst hversu viðkvæmt svæðið er og brýnt að framkvæmdum og umgengni verði hagað í samræmi við það.

Inngangur.

Að beiðni Vegagerða ríkisins á Vestfjörðum fór fram athugun á gróðri á fyrirhuguðu nýju vegstæði á hluta Þjóðveggar nr. 60 - Vestfjarðavegi, frá Kollafirði vestur um í Vattarfjörð í Austur - Barðastrandarsýslu. Farnar voru þrjár ferðir, sú fyrsta dagana 13. - 16. september 1999, en þá var allt vegstæðið skoðað, önnur ferð þann 27. júlí 2000 til þess að skoða efri veglínu yfir Klettsháls og í þriðju ferð 25. október 2000, voru skoðuð efnistökusvæði í botni Kollafjarðar og Skálmafjarðar.

Tilgangurinn var að kanna hvort um væri að ræða einhverjar þær tegundir plantna eða gróðurhverfi sem bæri að vernda í sjálfu sér eða sem búsvæði fyrir viðkvæmar tegundir. Ennfremur var litið til þess hvaða áhrif framkvæmdin í heild sinn hefur á gróðurfar og gróðurskilyrði á umræddu svæði.

Vinnuaðferð.

Fyrirhugað vegstæði fylgir núverandi vegi að nokkru leyti en eingöngu voru skoðuð þau svæði þar sem farið verður yfir ósnortið land. Á nokkrum stöðum voru lagðir fram tveir valkostir fyrir vegalögn og voru þeir þá skoðaðir með tilliti til samanburðar.

Gróðurlendi eru flest í mjög smáum skala og því ekki gerlegt að teikna gróðurlendi sem sýnir þau svo vel sé. Svæðaskipting á korti er því eingöngu tengd því hvar fyrirhugað vegstæði víkur frá núverandi veglínu og er gróðurlendum lýst í texta.

Svæði voru gengin og skráður tegundalisti háplantna og byrkninga á einum fermetra á u.þ.b.100 m fresti dreift um svæðið og rýnt í svörðinn þess á milli. Þegar tegundalisti og athugasemdir virtust tæmandi var haft lengra á milli reita. Skráð var: Yfirbragð svæðis, gróðurhverfi og skilyrði, tegundir, þekja, yfirborð, sýnileg vatnsmiðlun, jarðvegur, merki um landnýtingu, og annað það sem athygli vakti. Að lokum var gengið um næsta nágrenni við fyrirhugaða veglínu til að kanna vatnsmiðlun, tegundasamsetningu og til að fá samanburð á gróðurfari.

Niðurstöður.

Svæðislýsingar styðjast við kort Vegagerðar ríkisins (60-29/31. des. 99), og eru stöðvanúmer samkvæmt því korti.

Nafngiftir eru skv. Herði Kristinssyni: (Plöntuhandbókin, Örn og Örlygur, 1989), sjá upptalningu á tegundum í viðauka. Sjá ennfremur myndir 1 – 5 í viðauka. Mynd 1 gefur yfirlit yfir athugunarsvæðin og myndir 2-5 eru stækkaðir hlutar hennar.

Svæði 1.

Stöðvar: 2.900 - 3100 Sjávarbakki báðum megin Múlaár.

Lágur, flatur malarbakki. Mosapemba með grösum. Þekja 60%. Undirlag er gróf möl, lítill sem enginn jarðvegur. Merki um flóð úr ánni 30 metra frá venjulegum farvegi hennar og einnig eru merki um sjávangang, þang og skeljar, upp undir núverandi veg.

Svæði 2.

Stöðvar: 4.500 - 6.500 Með fjöru inn eftir Kollafirði austan megin.

Grasi vaxnir sjávarbakkar og brekkur vaxnar röku graslendi með lyngbollum.

Þekja 90 - 100%. Finnungur er víða ríkjandi sem bendir til töluverðrar snjósöfnunar.

Niðurgrafnir lækir með reglulegu millibili eiga stóran þátt í að viðhalda þessu gróðurmynstri, stöku votlendispollar myndast einnig þar sem þeir koma upp á yfirborðið. Þunnt jarðvegslag (5-15 cm) á sjávarbakka hvílir á stórgrýttu undirlagi. Jarðvegur í brekku, 10-30 cm, mómold á köflum. Leið 4 liggur á þremur stöðum yfir leiruvoga þar sem mikið er um fuglatraðk.

Svæði 3.

Stöðvar: 7.300 - 8.000 Fyrir botn Kollafjarðar.

Hrjóstugt flatlendi með einstaka lágum malarhryggjum sem flestir hafa gróið upp. Melagróður á köflum, lyngmói vestast en mest mosapemba með grösum. Þekja 50%.

Lítill aurskriða hefur runnið yfir lyngmóann og þar hefur myndast votlendispollur. (V).

Finnungur vex í öllum lögðum og þar sem skjól myndast fyrir NA-átt. Undirlag er grófur árframburður, jarðvegur er þunnur (<10cm). Varnargarðar hafa verið ruddir meðfram ánni. Neðan vegar er ræktað tún.

Svæði 4.

Sé farið niður frá vegi er fyrst gróinn, þurr hjalli með opinni malarnámu, neðan hans hvammur og í honum stórþýfðir grösugir lyngmóar sem verða að fjölbreyttri grasmýri (T), neðst niður við sjó. Mólendi efst á holti umhverfis malarnámu (M), þar sem grámosi (racomitrium) og krækilyng eru ríkjandi. Meðalþekja 40% á holti en 100% í hvammi. Fjalldalafífill, engjarós og annar blómgróður er áberandi sem bendir til að beit búfjár hafi minnkað stórlega.

Svæði 5.

Stöðvar: 8.000 - 8.600 Neðst í hlið upp af svæði 4.

Einsleitt svæði, klettholt og grunnar, víðar lögðir á milli. Gróðurhverfi eru lyngmóar þar sem einhvers skjóls nýtur, mosapemba á holtum og votlendispollar við lindir. Þekja 60%. Lækjasytrur renna úr hlið um svæðið.

Svæði 6 og 7.

Yfir Klettsháls.

Sauðfjárveikivarnargirðing liggur eftir hálsinum austanverðum og er greinilegur munur á gróðri við hana. Bæir í Kollafirði hafa verið í byggð til skamms tíma en bæirnir vestan megin eru löngu farnir í eyði. Breytingin felst fyrst og fremst í fleiri tegundum, auk þess virðist gróður vera nær því að ná samfellu á vindbörðum ásum.

Svæði 6.

Stöðvar: 12.800 - 13.800. Klettsháls - austurhluti.

Klettsháls er hæstur austan megin, klapparranar og melholt liggja nokkurn veginn í N-S stefnu og grunnar lægðir á milli. Mosapemba og melagróður er ríkjandi á holtum og hæðum en lyngmóar þar sem skjóls nýtur. Skófir eru áberandi á hæðum (*cladonia* > 1 teg, *cestrarium* o.fl.). Snjódældir myndast vestan í holtum en votlendispollar í lægðum. Gróðurþekja 20 -90% á hæðum en 90 - 100% í lægðum.

Svæði 7.

Stöðvar: 13.800 - 16.000 Klettsháls - vesturhluti.

Hálsinum hallar í vestur, klettaranar verða að hjöllum sem breikka eftir því sem vestar dregur. Gróðurhverfi taka mið af þessu; innst á hjöllum eru blóm- og lyngdældir, þá koma votlendispollar, aðallega fífusund en fremst á hjöllum eru mosapembur og krækilyngmóar. Stöðvar 13.800 - 14.200 liggja að mestu yfir stórþýft votlendi þar sem klófifa og stinnastör eru ríkjandi. Vestast (stöðvar 14.500 - 16.000), er breiður hjalli með fjölbreyttu votlendi og tjörn fremst en blóm - og lyngbrekkum í snjódældum ofar. Nokkuð er þar um burknagróður. Þekja 40 - 100 %. Rofdílar virðast vera að gróa upp - ekki sáust merki um virkt rof.

Valkostur - neðri lína yfir Klettsháls. (lögð fram 1999)

Svæði 6a og 7a.

Klettsháls.

Hér gildir almenn lýsing á Klettsháls, sjá að ofan. Munurinn er sá að þegar neðar (sunnar) dregur er lengra á milli holta, vatnsfarvegir víðari og dýpri og einnig er hér farið yfir lyngmóa, þar sem vatnsmiðlun er eingöngu frá úrkomu og er snjósöfnun mikilvæg þar sem leysingavatn sytrar um gróður fram eftir sumri. Upphækkaður vegur um slíkt land gerbreytir landslaginu og þar með samfellu gróðurhverfa. Leiðin yfir vatnsfarvegi yrði einnig lengri og krefðist meiri efnisflutninga.

Svæði 8.

Stöðvar: 17.300 - 19.000 Birkiskógur í austurhlíð Skálmafjarðar.

Fjallshlíðin er stöllótt, hjallarnir eru breiðastir yst en grynka eftir því sem innar dregur. Í efstu brekkum er aðalbláberjalyng og bláberjalyng ríkjandi í brekkum, en birkikjarr framur á hjöllum. Síðan tekur samfellt skóglendi við. Nýliðun birkis er nokkur frá rötarskotum og einnig sáust fræplöntur í vegköntum og röskuðu landi.

Skóglendið skiptist gróft í 3 ólíka hluta sem hér eru nefndir A, B og C til glöggvunar. (sjá kort 3).

Yst (A hluti), er gisið, lágvaxið kjarr, 0,6 - 2m. Þekja birkis nálægt 40%. Lággróður: fífusund og starir á opnum svæðum innst á hjöllum, opnir melar utar. Rakt graslendi og lyng í brekkum. Víða eru gulvíðibrúskar. Gróður undir birki svipaður og í B hluta.

Miðhluti skógarins (B), er mun hávaxnari 2-6 m, trjáþekja nálægt 60%. Töluvert er þar um reynivið. Lággróður einkennist af reyrgresi, vallelftingu, fjalldalafífla og þrílaufungi. Töluvert er um sveppi, kúalubba, kóngssveppi og fleiri tegundir.

Í innsta hlutanum (C), er hæð og þekja mitt á milli hinna tveggja. Lággróður var ekki skráður.

A-hluti skógarins er á breiðum hjöllum sem liggja opnir við vindum og sjó. Vatnsmiðlun er þó ekki vandamál samanber votlendið sem er víðast á hjöllumunum. Klettaranar mynda lítil daldrög í B hluta sem gefur meira skjól, jafnari vatnsmiðlun og tryggari snjóalög. Undirgróður undir birki samsvarar gróskuflokk II. samkvæmt skiptingu Hauks Ragnarssonar og Steindórs Steindórssonar, 1962. (*Gróðurannsóknir í Hallormsstaðaskógi, Ársrit Skógræktarfélags Íslands, 1963*) Nokkuð er um nýgræðslu í vegköntum en lítið á öðrum opnum svæðum. Ríkulegt skordýralíf er á birki, störum og einkum á víði.

Svæði 9.

Vattarnes - yfir bæjarstæði. (Lögð fram 1999)

Gamalt tún eða vallendi umhverfis bæjarrústir. Lyngbrekkur taka við báðum megin að núverandi vegi. Grasgefnir hjallar inneftir hlíðum beggja vegna.

Efnistökusvæði.

a. (E a) Í Kollafirði. Melur innan við Fjarðarhorn, við Fjarðarhornsa.

Melurinn afmarkast af klettaborgum við Fjarðarhornsa að norðanverðu, en lækkar síðan aflíðandi suður að grasvöllum og túnnum Fjarðarhorns. Gróðurfarið er mosapemba með grösum og lyngi. Melurinn er ógróinn nyrst en fullgróinn syðst. Gróðurþekja í heild nálægt 20%. Töluvert rof er á gróðureyjum norðan frá, svæðið er sjálfsagt snjólétt og vetrarvindar leika lausum hala. Berglögin í klettunum liggja í norður-suðurstefnu og því ekki víst að þau héldu við rennsli árinna ef melurinn er grafinn djúpt að norðanverðu.

b. (E b) Áreyrar í botni Kollafjarðar.

Þessu svæði er lýst sem svæði nr. 3 hér að ofan og á sú lýsing við áreyrarnar 300 – 400 m inn eftir dalnum frá núverandi vegi.

c. (E c) Áreyrar í botni Skálmafjarðar.

Ystu 2 km. af botni Skálmafjarðar eru víðáttumiklar malareyrar, lítt grónar. Þó eru þar breiður af eyrarrós og vöxtulegir víðiþrúskar. Áin fer víða um botninn, á eyrunum er talsvert af nýlegum framburði. Töluvert landbrot er úr grónum bökkum. Sem dæmi má taka að slóði sem fylgir raflínu frá 1980 endar nú á ríflega 2 m háum bakka. Þetta landbrot á sér einnig stað ofar í ánni því að talsvert var um gróðurtorfur sem höfðu strandað á eyrunum og dauð birkitré sem áin hefur grafið undan. Efnistaka úr botninum gæti líklega hægt á landbroti um sinn ef rétt er að málum staðið við val efnistökuastaða og frágang að framkvæmd lokinni. Gróðurinn á eyrunum er aðlagður að raski og gæti náð fótfestu aftur eftir framkvæmd, ef fræforði er til staðar.

Umfjöllun:

I. Almennt.

Fyrirhugað vegstæði liggur hvergi yfir landslagsheildir eða heildstæð gróðurhverfi þannig að það teljist til skaða. Hvað tegundir varðar þá fannst þar ein tegund (hrísastör *C. buxbaumi*), sem er á valista sem (tegund í yfirvofandi hættu). Þessi tegund er á svæði 4, sem var skoðað vegna hugmyndar um að þvera Kollafjörð. Þrjár tegundir eru (fremur sjaldgæfar) samkvæmt Herði Kristinssyni. Þær eru keldustör (*C. magellanica*) á svæði 2, lyngjafni (*Lycopodium annotinum*) á svæði 6 og skrautpuntur (*Milium effusum*) í snjóðældum vestast á svæðum 7 og 7a.

Það sem nefnt er votlendispollar eru yfirleitt $< 100\text{m}^2$, afmarkaður hluti af stærra votlendi, (jaðar eða útskot) eða myndað af einangruðum, sérstökum aðstæðum eins og við lindir.

Að nokkru leyti má líkja þessu svæði við Hornstrandafriðlandið að því leyti að hefðbundið búfjárhald hefur að mestu lagst af í nágrenninu og gróður þess vegna nær því sem kalla mætti náttúrulegt, en víðast hvar á landinu. Mikið er af blómjurtum, sérstaklega áberandi er fjalldalafífill um nær allt svæðið og gulvíðibrúskar víða. Þá finnst burnirót á 3 svæðum (6,7 og 8) en sú tegund er sérlega viðkvæm fyrir beit. Í snjóðældum á Klettshálsi, vestan varnargirðingar, eru blágresi, fjandafæla og burknar ríkjandi en hreinar finnugsdældir eru sjaldgæfar. Rofdílar á Klettshálsi virðast vera að gróa upp og lítið sást af virku rofi. Þetta er sérstaklega áberandi vestan varnargirðingar eins og áður er getið. Klettsháls er viðkvæmt svæði, (fjalllendi, rokgjarn jarðvegur, gróður er lengi að ná sér eftir rask) og brýnt að vanda framkvæmdir varðandi umferð og efnistöku. Víða verður farið yfir mela og holt þar sem vegstæðið er þröngt og stutt í önnur og viðkvæmari gróðurhverfi.

II. Um einstök svæði.

Nokkur eftirsjá er af svæði 7. (á kortum nefnd Ríkismannabrekka), Votlendið sem farið er yfir (stöðvar 13.800 - 14.200) er hluti af stærra vatnsmiðlunarkerfi ofan frá 300 m hæð og niður undir botn Kvígindisfjarðar. Núverandi vegur rýfur þetta vatnasvæði að einhverju leyti og mikilvægt að séð verði fyrir vatnsmiðlun í gegnum fyrirhugaðan veg. Einnig mætti kanna þá mótvægiságerð að núverandi vegur verði fjarlægður að einhverju leyti ef það mætti verða þess að endurheimta eðlilegt vatnsflæði. Á vestasta hjallanum (stöðvar 14.500 - 16.000) er óvenju kröftuglegur burkna- og blómgróður efst á hjallanum og einnig er votlendi syðst nálægt núverandi vegi (Tjörn sjá mynd 4) óvenju fjölbreytt miðað við fjallendi. Til að meta sérstöðu þess var kannað sérstaklega gróðurlendi í kring. Á næstu hjöllum fyrir ofan er samskonar votlendi, enn ríkara af tjörnum og tjarnarjöðrum. Hins vegar fannst ekki svæði í nágrenninu með svipuðum burkna- og blómgróðri fyrr en komið var niður í miðjar hlíðar. Því er lagt til að efsta hluta hjallans verði hlíft sérstaklega, þannig að þetta svæði verði utan framkvæmdasvæðis.

Birkiskógar landsins hafa orðið illa úti í sambúðinni við manninn; annars vegar hefur útbreiðsla þeirra minnkað stórlega og er nú ekki nema brot af því sem hún var við landnám. Hins vegar hefur orðið "neikvætt úrval", menn hjuggu gjarnan stærstu og beinvöxnustu trén, bæði til viðarnota og kolagerðar, þannig að mestur hluti skógarins sem eftir lifir eru kræklur og kjarr. Skógarreitir eins og sá sem hér að ofan er nefndur B-hluti skógarins, há og beinvaxin birkitré, eru því sjaldgæfir á landinu og sérstaklega á Vestfjörðum. Þá má nefna sérstæðan undirgróður og óvenju mikið af reyni. Því var ákveðið að afmarka þennan hluta á

korti og var lögð út lína með GPS tæki (Garmin GPS II plus staðsetningatæki með CSI MBX-2 leiðréttingarbúnaði), sem táknar mörk A og B hluta. Lítið hefur verið um rannsóknir á birkiskógum landsins og ekki hefur verið mörkuð stefna um verndargildi þeirra. Birkiskógar eru útbreiddir í A-Barðastrandarsýslu og ekki lagst gegn því að hluta skógarins verði raskað, auk þess má benda á að nýliðun birkis er yfirleitt góð í röskuðu landi. En vegna þess sem að ofan greinir er mælt með að B-hluti skógarins verði ekki lagður undir vegstæði.

Staðsetning punkta í lengd og breidd.

1: 65,63539° N 22,65777° V

2: 65,63458° N 22,65657° V

3: 65,63353° N 22,65819° V

4: 65,63210° N 22,65468° V

III. Valkostir.

a. Svæði 2 eða núverandi vegstæði.

Að öðru jöfnu hlýtur alltaf að vera kostur að nýta gamalt vegstæði fremur en að raska nýju landi. Slíkt hefur þó oft í för með sér annað rask eins og sprengingar á klettum o.s.v.frv. Svæði 2: leiruvogar, fjara, sjávarbakkar og gras- og lyngbrekkur er fjölbreytt svæði sem kostur er að vernda en þó ekki einstakt á lands- eða héraðsvísu.

b. Yfir Kollafjörð eða fyrir botninn.

Það gróðurlendi sem verður að teljast hvað sérstæðast af því sem skoðað var í Kollafirði er votlendið á svæði 4. Þar er eina tegundin sem sást sem er á valista (hrísastör eða *Carex buxbaumi*). Það verður því að teljast ótvírætt betri kostur að fara fyrir fjörðinn fremur en yfir hann á þessum stað.

c. Tvær leiðir yfir Klettsháls.

Leið Vg, lögð fram vorið 2000, ætti að valda minni röskun á gróðurfari á Klettshálsi. Þar kemur til að hún fylgir holtum að mestu leyti og þar sem farið er yfir vatnsfarvegi eru þeir þröngir og verður vatnsrennsli óbreytt. Undantekning er votlendið á stöðvum 13.800 - 14.300, en þar er mikilvægt að sjá til þess að vatnsmiðlun haldist sem næst því sem nú er. Vegurinn liggur þarna efst í 260 m hæð en vatnsrennslið fóðrar nokkuð stórt svæði suður og vesturaf vegstæðinu. Neðri leiðin aftur á móti fer yfir viðlendari svæði sem eru algróin og leiðin yfir farveg árinna sem rennur niður í Kvígindisfjörð, er mun víðari og mikil uppfylling nauðsynleg.

Þakkir.

Starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða, Petrína Sigurðardóttir og Þróstur V. Þorsteinsson, fá þakkir fyrir aðstoð við skýrsluna.

Viðauki 1. Tegundalisti, sjá umfjöllun um einstök svæði.

Alþjóðlegt nafn	Íslenskt nafn	Sv 1	Sv 2	Sv 3	Sv 4	Sv 5	Sv6/7	Sv 6a	Sv 7a	Sv 8	Sv 9
<i>Agrostis capillaris</i>	Hálingresi		1							1	
<i>Agrostis stolonifera</i>	Skriðlingresi	1	1	1	1	1		1		1	1
<i>Agrostis tenuis</i>	Týtulíngresi						1	1	1		
<i>Alchemilla alpina</i>	Ljónslappi	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
<i>Alchemilla vulgaris</i>	Maríustakkur	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
<i>Alopecurus aqalimum</i>	Vatnsliðagras		1		1		1				
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	Ilmreyr	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
<i>Armeria maritima</i>	Geldingahnappur	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
<i>Bartsia alpina</i>	Smjörgras						1			1	
<i>Betula nana</i>	Fjalldrapi	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
<i>Betula pubescence</i>	Ilmbjörk						1		1	1	1
<i>Bistorta vivipara</i>	Kornsúra	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
<i>Calamagrostis stricta</i>	Hálmgresi			1	1	1		1		1	
<i>Caltha palustris</i>	Hófsóley							1			
<i>Cardamine nymanii</i>	Hrafnaklukka	1			1	1					
<i>Cardaminopsis petraea</i>	Melablóm	1		1	1	1	1	1	1		
<i>Carex atrata</i>	Sótstör					1					
<i>Carex bigelowii</i>	Stinnastör	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
<i>Carex buxaumi</i>	Hrísastör				1						
<i>Carex capillaris</i>	Hárleggjastör		1								
<i>Carex chordorrhiza</i>	Vetrarkvíðastör		1								
<i>Carex curta</i>	Blátoppastör			1			1				
<i>Carex echinata</i>	Ígulstör		1								
<i>Carex limosa</i>	Flóastör						1				
<i>Carex lyngbyei</i>	Gulstör		1	1	1	1				1	
<i>Carex magellanica</i>	Keldustör		1								
<i>Carex nigra</i>	Mýrastör		1	1	1	1			1	1	
<i>Carex panicea</i>	Belgjastör										1
<i>Carex rariflora</i>	Hengistör			1	1			1	1		
<i>Carex rostrata</i>	Tjarnarstör			1					1		
<i>Carex saxatilis</i>	Hrafnastör						1				
<i>Carex vaginata</i>	Slíðrastör				1					1	
<i>Cerastium alpinum</i>	Músareyra	1			1	1	1	1			
<i>Cerastium cerastoides</i>	Lækjafræhyrna					1					

Alþjóðlegt nafn	Íslenskt nafn	Sv 1	Sv 2	Sv 3	Sv 4	Sv 5	Sv6/7	Sv 6a	Sv 7a	Sv 8	Sv 9
<i>Luzula spicata</i>	Axhæra	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
<i>Lychnis alpina</i>	Ljósberi							1	1		
<i>Lycopodium annotinum</i>	Lyngjafni						1	1		1	
<i>Menyanthes trifoliata</i>	Horblaðka								1		
<i>Milium effusum</i>	Skrautpundur								1		
<i>Montia fontana</i>	Lækjagrýta			1	1	1	1				
<i>Nardus stricta</i>	Finnungur	1	1	1		1	1	1	1	1	1
<i>Omalotheca norvegica</i>	Fjandafæla						1	1	1		
<i>Omalotheca supina</i>	Grámulla						1	1	1		
<i>Oxyria digyna</i>	Ólafssúra	1			1	1	1	1	1		1
<i>Papaver radicum</i>	Melasól			1	1		1	1			
<i>Phleum alpinum</i>	Fjallafoxgras	1	1	1	1	1	1	1	1		
<i>Pinguicula vulgaris</i>	Lyfjagras		1			1			1	1	
<i>Plantago maritima</i>	Kattartunga	1	1	1	1	1				1	
<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras				1		1	1	1	1	
<i>Poa annua</i>	Varpasveifgras		1								
<i>Poa glauca</i>	Blásveifgras	1		1	1	1	1	1	1		1
<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras		1		1		1				1
<i>Polystichum lonchitis</i>	Skjaldburkni						1		1		
<i>Potentilla anserina</i>	Tágamura	1	1								
<i>Potentilla crantzii</i>	Gullmura	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
<i>Potentilla palustris</i>	Engjarós	1	1	1	1	1	1	1	1		
<i>Puccinella maritima</i>	Sjávarfitjungur		1								
<i>Pyrola minor</i>	Klukkublóm						1	1	1	1	
<i>Rhinanthus minor</i>	Lokasjóður	1		1	1	1			1	1	1
<i>Rhodiola rosea</i>	Burnirót						1	1	1	1	
<i>Rubus saxatilis</i>	Hrútaber									1	
<i>Rumex acetosa</i>	Túnsúra	1	1	1	1	1	1	1	1		1
<i>Rumex acetosella</i>	Hundasúra						1	1			
<i>Salix callicarpaea</i>	Grávíðir	1		1	1		1	1	1	1	
<i>Salix herbacea</i>	Grasvíðir	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir		1	1			1			1	1
<i>Salix phylicifolia</i>	Gulvíðir						1	1	1	1	
<i>Saxifraga caespitosa</i>	Þúfusteibrjótur	1						1	1		
<i>Saxifraga hypnoides</i>	Mosasteibrjótur						1				
<i>Saxifraga nivalis</i>	Snæsteibrjótur								1		

Alþjóðlegt nafn	Íslenskt nafn	Sv 1	Sv 2	Sv 3	Sv 4	Sv 5	Sv6/7	Sv 6a	Sv 7a	Sv 8	Sv 9
<i>Saxifraga oppositifolia</i>	Vetrarblóm			1					1		
<i>Saxifraga stellaris</i>	Stjörnustein-brjótur					1	1	1	1		
<i>Sedum acre</i>	Helluhnoðri	1			1				1		
<i>Sedum villosum</i>	Flagahnoðri			1	1						
<i>Selaginella selaginoides</i>	Mosajafni		1	1	1	1				1	
<i>Silene acaulis</i>	Lambagras	1	1	1	1	1	1	1	1		
<i>Silene uniflora</i>	Holurt	1			1						1
<i>Sparganium hyperborium</i>	Mógrafarbrúsi								1		
<i>Taraxacum</i>	Túnfífill	1			1	1	1	1	1	1	1
<i>Thalictrum alpinum</i>	Brjóstagras	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
<i>Thymus praecox</i>	Blóðberg	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
<i>Tofieldia pusilla</i>	Sýkigras			1	1	1				1	
<i>Trisetum spicatum</i>	Lógresi	1			1	1				1	
<i>Vaccinium myrtillus</i>	Aðalbláberjalyng			1			1	1	1	1	1
<i>Vaccinium uliginosum</i>	Bláberjalyng	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
<i>Veronica alpina</i>	Fjalladepla				1			1			
<i>Veronica serpyllifolia</i>	Lækjadepla			1					1		
<i>Viola canina</i>	Týsfjóra	1									
<i>Viola palustris</i>	Mýrfjóra		1	1	1	1	1		1	1	1
Tegundir alls	132	49	54	61	74	61	70	63	75	68	36